

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnun eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektirnar í hreppssjóð.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-
reglumál.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1935.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Keflavíkurhrepps samkv. lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 94, 3. maí 1935, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Legat Guðmundar Magnússonar 78
prófessors og Katrínar Skúladóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af 2. júlí
dóms- og kirkjumálaráðherra 2. júlí 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er stofnaður með erfðaskrá Guðmundar prófessors Magnússonar og konu hans, Katrínar Skúladóttur, dagsettri 18. janúar 1922, og með 50000 — fimmtíu þúsund — króna gjöf, samkvæmt bréfi til háskólaráðs, dags. 3. nóv. 1922, nefnist legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

A. Samkvæmt útskrift úr skiptabók Reykjavíkur nettóerfð kr. 38195.10 — þrjátíu og átta þúsund eitt hundrað níutíu og fimm krónur og 10 au.

- 78 B. Samkvæmt gjafabréfi, sem fyr er getið, kr. 50000.00.
 2. júlí C. Ágóði af útdregnum verðbréfum og vextir eftir lát frú Katrínar Skúladóttur til 1. janúar 1935 kr. 12752.83 — tólf þúsund sjö hundruð fimmtíu og tvær krónur 83 aur. —

Háskólaráðið varðveitir eignir sjóðsins, og skal það sjá um, að þær séu ávaxtaðar í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum, að svo miklu leyti sem stofnfé sjóðsins er ekki nú í öðrum eignum. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í árbók háskólans, og skal reikningsár sjóðsins vera almanaksárið.

Innstæðu sjóðsins má aldrei skerða, og ávallt skal leggja $\frac{1}{10}$ vaxta við höfuðstólinn.

Háskólaráðið skal láta færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og skal færa í hana ársreikning sjóðsins.

4. gr.

Tekjum sjóðsins, þeim, sem ekki leggjast við höfuðstólinn, skal varið þannig:

1. Til þess að styrkja kandiðat í læknisfræði til undirbúnings í útlöndum undir kennarastarf í einhverri grein læknisfræðinnar við læknadeild háskólans. Veita má sama manni styrk úr sjóðnum í þessu skyni oftár en einu sinni, þó aldrei oftár en 4 ár. Þegar vextir sjóðsins, sem úthluta má, nema 7200 krónum eða þar yfir, má veita tveim eða fleirum á ári styrk úr sjóðnum, en aðeins einum kandiðat í senn þangað til, nema sérstök nauðsyn beri til.

2. Ef svo ber til, að eitthvert ár verði ekki um neinn hæfan umsækjanda að ræða, er styrkur verður veittur í þessu skyni, eða þess þykir ekki þurfa, má veita íslenskum læknisfræðingi sömu upphæð úr sjóðnum til verðlauna fyrir ritgerðir um læknisfræði, eða til rannsókna í læknisfræði. Slíkan styrk eða verðlaun má þó veita fleirum en einum, ef styrkveitinganefnd telur fulla ástæðu til þess.

5. gr.

Styrkveitingum ræður þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni: forseti læknadeildar háskólans, og er hann formaður, annar af kennurum læknadeildar, kosinn af henni, og einn maður, kosinn af stjórn Læknafélags Íslands. Styrkveitinganefnd haldi gerðabók fyrir sjóðinn, og færi í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum og styrkveitingar og annað, sem varðar starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.